



Hátíð brautskráðra doktora

1. desember 2014



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Eldflóðið steypist ofan hlíð,
undaðar moldir flaka;
logandi standa í langri röð
ljósín á gígastjaka;
hnjúkarnir sjálfir hrikta við,
hornsteinar landsins braka,
þegar hin rámu regindjúp
ræskja sig upp um Laka.

Úr „Áföngum“ eftir Jón Helgason

Eldsumbrot eru mikilvægt viðfangsefni vísindamanna Háskóla Íslands í víðum skilningi en þau eru líka uppspretta í ljóðum okkar fremstu skálda. Jón Helgason orti t.d. um eldgosíð í Lakagígum í ljóðinu „Áföngum.“

Jón Helgason var fræðimaður, prófessor, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn og skáld. Hann lauk doktorsprófi frá Háskóla Íslands árið 1926 með ritinu Jón Ólafsson frá Grunnavík. Jón varð sá þriðji til að ljúka doktorsgráðu frá skólanum.

Jón fæddist á Rauðsgili í Hálsasveit í Borgarfirði 30. júní árið 1899. Hann þótti afburðanámsmaður og lauk stúdentsprófi frá Lærða skólanum árið 1916 og magistersprófi í norrænum fræðum frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1923. Sex árum síðar varð Jón prófessor í íslenskri tungu og bókmenntum við sama skóla.

Jón Helgason var afburðaskáld en ekki afkastamikill á því sviði. Hann birti merkar ljóðapýðingar en hans eina frumorta ljóðabók, *Úr landsuðri. Nokkur kvæði*, kom fyrst út árið 1939 og „með úrfellingum og viðaukum“ árið 1948. Í þeirri útgáfu er ljóðið „Áfangar“ en það birtist fyrst í Tímariti Máls og menningar árið 1940.

Jón fékk heiðursdoktorsnafnbót við Háskóla Íslands árið 1974. Hann lést í Kaupmannahöfn 19. janúar árið 1986.



Á síðustu 20 árum hefur doktorsnám vaxið og eflst við Háskóla Íslands. Sérstaklega hefur doktorsnámið tekið stakkaskiptum í kjölfar stefnumörkunar skólans árið 2006, en þar var rík áhersla lögð á eflingu rannsókna og doktorsnáms. Á þessum tíma hefur árangur Háskóla Íslands á sviði rannsókna og nýsköpunar stóruakist en skólinn hefur nú fjögur ár í röð raðast á meðal 300 bestu háskóla í heimi á matslista Times Higher Education World Rankings. Þann árangur ber ekki síst að þakka doktorsnemum og framlagi þeirra.

Efling doktorsnáms við Háskóla Íslands styrkir ótvírætt stöðu hans sem alþjóðlega viðurkennds rannsóknaháskóla. Um leið gerir það skólanum kleift að sinna hlutverki sínu sem æðsta menntastofnun þjóðarinnar. Öflugur rannsóknaháskóli er frumskilyrði þess að Ísland sé samkeppnisfært í vísindum, nýsköpun og atvinnuþróun innan þekkingarsamfélags þjóðanna en grunnrannsóknir eru jafnan taldar ein helsta forsenda hagvaxtar og aukinnar velsældar.

Um þessar mundir stunda um 500 nemendur doktorsnám við Háskóla Íslands en brautskráningum hefur fjölgað úr 32 árið 2009 í 82 árið 2014 eða um 156% á tímabilinu. Frekari fróðleik í tölum um þróun doktorsnáms við Háskóla Íslands undanfarin ár má sjá hér á síðum bæklingisins.

Við fögnum nú þeim doktorum sem brautskráðst hafa frá Háskóla Íslands á undangengnu ári. Á tímabilinu frá 1. desember 2013 til 1. desember 2014 brautskráðust fleiri doktorar en nokkru sinni frá Háskóla Íslands og voru þeir 79 talsins, 30 karlar og 49 konur. Doktorsnám er í eðli sínu alþjóðlegt og er um þriðjungur doktora frá Háskóla Íslands á þessu tímabili með erlent ríkisfang, frá 13 þjóðlöndum. Háskóli Íslands er stoltur af þessum glæsilega hópi sem mun vafalítið hasla sér völl á fjölbreyttum vettvangi. Við óskum þeim innilega til hamingju með doktorsgráðuna

Jón Atli Benediktsson

*aðstoðarrektur vísinda og kennslu og forstöðumaður
Miðstöðvar framhaldsnáms við Háskóla Íslands*

Félagsvísindasvið





Ásthildur Elva Bernharðsdóttir

Stjórn málafræði /
Stjórn málafræðideild

Heiti ritgerðar: *Menning og áfallastjórnun – Hvernig menning hefur áhrif á þá sem taka ákvarðanir um viðbúnað og viðbrögð við áföllum (Culture and crisis management – How culture*

influences the behavior of decision makers in crisis preparedness and response).

Leiðbeinandi: Dr. Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor við Stjórn málafræðideild.

Andmælendur: Dr. Bruce Dayton, prófessor við Maxwell School of Citizenship and Public Affairs við Syracuse-háskóla í Bandaríkjunum, og dr. Lina Svedin, dósent við University of Utah í Salt Lake City í Bandaríkjunum.

Doktorsvörn Ásthildar fór fram 18. desember 2013.



Bragi Skúlason

Mannfræði / Félags- og mannvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Samtal um dauða og sorg: Íslenskir karlar og ekklar (Death talk and bereavement: Icelandic men and widowers).*

Leiðbeinendur: Dr. Gísli Pálsson, prófessor við Félags- og mannvísindadeild, og dr.

Ásgeir R. Helgason, dósent við Háskólann í Reykjavík.

Andmælendur: Dr. Kristín Björnsdóttir, prófessor við Hjúkrunarfræðideild, og dr. Christine Valentine, sérfræðingur við University of Bath í Englandi.

Doktorsvörn Braga fór fram 13. júní.



Christian R. Rebhan

Stjórn málafræði /
Stjórn málafræðideild

Sameiginleg doktorsgráða frá Háskóla Íslands og Humboldt-háskóla í Berlín.

Heiti ritgerðar: *Andstaða við Evrópusambandsaðild í Norður-Atlantshafi: Ástæður þess að Færeyjar og Grænland hafa hafnað aðild að Evrópu-*

sambandinu (North Atlantic Euroscepticism – The rejection of EU membership in the Faroe Islands and Greenland).

Leiðbeinendur: Dr. Baldur Þórhallsson, prófessor við Stjórn málafræðideild, og dr. Bernd Henningsen, prófessor við Humboldt-háskóla í Berlín í Þýskalandi.

Andmælendur: Dr. Rasmus Gjedssø Berthelsen, lektor við Álaborgarháskóla í Danmörku, og dr. Gestur Hovgaard, dósent við Fróðskaparsetrið í Færeyjum.

Doktorsvörn Christians fór fram 26. september.



Friðrik Rafn Larsen

Viðskiptafræði /
Viðskiptafræðideild

Heiti ritgerðar: *Vörumerki og orka – Sóknarfæri í raforkusölu með markvissri vörumerkjastjórnun (Positive power: The untapped potential of branding the electricity sector).*

Leiðbeinandi: Dr. Ingjaldur

Hannibalsson (1951-2014), fyrrverandi prófessor við Viðskiptafræðideild.

Andmælendur: Dr. Anne Rindell frá Hanken School of Economics í Helsinki í Finnlandi, dr. Nick Lee frá Aston School of Business/ Aston University í Birmingham í Englandi og dr. Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar.

Doktorsvörn Friðriks fór fram 31. janúar.



Jóhanna Rósa Arnardóttir

Félagsfræði / Félags- og mannvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Flæði fólks úr skóla yfir á vinnumarkað (Transition from school to work. Job opportunities by different educational pathways and inactivity in the labour market among*

16-34-year-olds in Iceland).

Leiðbeinandi: Dr. Stefán Ólafsson, prófessor við Félags- og mannvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Ken Roberts, prófessor við Háskólann í Liverpool í Englandi, og dr. Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor við Viðskiptafræðideild.

Doktorsvörn Jóhönnu fór fram 3. júní.



Marco Solimene

Mannfræði / Félags- og mannvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Mismunandi orðræða um líf og vald – Xoraxané Roma fólkið andspænis yfirvöldum í Róm á Ítalíu (Discourses of power and life: a group of Xoraxané Roma confronting the state authorities in Rome (Italy)).*

Leiðbeinandi: Dr. Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor við Félags- og mannvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Ada Engebretsen, prófessor við NOVArannsóknastofuna í Ósló í Noregi, og dr. Nando Sigona, prófessor við Háskólann í Birmingham í Englandi.

Doktorsvörn Marcos fór fram 27. ágúst.



Margrét Einarsdóttir

Félagsfræði / Félags- og mannvísindadeild

Heiti ritgerðar: *Launavinna barna og unginga á Íslandi: Þátttaka og vernd (Paid Work of Children and Teenagers in Iceland: Participation and Protection).*

Leiðbeinandi: Dr. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor


við Félags- og mannvísindadeild.

Andmælendur: Dr. Gestur Guðmundsson, prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild, og dr. Madeleine Leonard, prófessor við Queen's University í Belfast á Írlandi.

Doktorsvörn Margrétar fór fram 5. júní.

Fjöldi brautskráðra doktora frá Háskóla Íslands 2009–2014

Fjöldi



■ Brautskráðir doktorar 2009–2014.

--- Stefna HÍ 2011–2016: 60–70 brautskráðir doktorar á ári.



Sigrún Harðardóttir

Félagsráðgjöf /

Félagsráðgjafardeild


Heiti ritgerðar: *Líðan framhaldsskólanemenda: Um námserfiðleika, áhrifaþætti og ábyrgð samfélags (The well-being of upper secondary school students: Learning difficulties, influential factors and society's responsibility).*

Leiðbeinandi: Dr. Sigrún Júlíusdóttir, prófessor við Félagsráðgjafardeild.

Andmælendur: Dr. Gestur Guðmundsson, prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild, og dr. Guðmundur Heiðar Frímansson, prófessor við Háskólann á Akureyri.


Doktorsvörn Sigrúnar fór fram 13. júní.

Kynjaskipting brautskráðra doktora frá Háskóla Íslands 2009–2014



■ Karlur ■ Konur

Aldur brautskráðra doktora frá Háskóla Íslands 2009–2014



■ 34 ára og yngri ■ 35–44 ára ■ 45 ára og eldri

Heilbrigðisvísindasvið





Árni Jón Geirsson

Læknavísindi / Læknadeild
Heiti ritgerðar: *Hryggikt á Íslandi: Birtingarmyndir og erfðir, með sérstöku tilliti til þarmabólgujúkdóma (Ankylosing spondylitis in Iceland; clinical studies with reference to epidemiology, heritability and connection with inflammatory bowel*

disease).

Leiðbeinendur: Dr. Björn Guðbjörnsson, prófessor við Læknadeild, og dr. Bjarni Þjóðleifsson, prófessor emeritus við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Filip Van den Bosch, prófessor við Háskóla-sjúkrahúsið í Gent í Belgíu, og dr. Gerður Gröndal, klínískur dósent við Landspítalann.

Doktorsvörn Árna fór fram 2. maí.



Bergþóra Sigríður Snorradóttir

Lyfjafræði / Lyfjafræðideild
Heiti ritgerðar: *Silikonforðakerfi fyrir lyfjagjöf (Silicone matrices for controlled drug delivery).*

Leiðbeinandi: Dr. Már Másson, prófessor við Lyfjafræðideild.

Andmælendur: Dr. Ulrich

Schäfer, prófessor emeritus við Universitát des Saarlandes í Þýskalandi, og dr. Örn Almarsson, aðstoðarforstjóri Moderna Therapeutics í Massachusetts í Bandaríkjunum.

Doktorsvörn Bergþóru fór fram 17. janúar.



Bjarni Elvar Pjetursson

Tannlæknavísindi /
Tannlæknadeild

Heiti ritgerðar: *Samanburður á lifunarhorfum og vanda-málum sem komið geta upp hjá mismunandi tann-og tannplantabornum tanngervum (Comparison of survival and complication rates*

of tooth-supported fixed dental prostheses, implant-supported fixed dental prostheses and single crowns).

Leiðbeinandi: Dr. Niklaus Peter Lang, prófessor emeritus við Háskólann í Bern í Sviss.

Umsjónarkennari: Dr. Peter Holbrook, prófessor við Tannlækna-deild.

Andmælendur: Dr. Björn Klinge, prófessor við Karolinska-sjúkrahúsið í Stokkhólmi í Svíþjóð, og dr. Klaus Gotfredsen, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla í Danmörku.

Doktorsvörn Bjarna fór fram 14. mars.



Christian Praetorius

Líf- og læknavísindi /
Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Hlutverk MITF við stjórnun húðlitar í mönnum (The role of MITF in regulating human pigmentation).*

Leiðbeinandi: Dr. Eiríkur Steingrímsson, prófessor við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Robert Kelsh, prófessor við Háskólann í Bath á Englandi, og dr. Jón Jóhannes Jónsson, prófessor við Læknadeild.

Doktorsvörn Christians fór fram 22. ágúst.



Christopher Bruce McClure

Lýðheilsuvísindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Andleg líðan og heilsutengd hegðun í kjölfar efnahagsþrenginga – Áhrif á Ísland (Mental health and health behaviors following an economic collapse – The case of Iceland).*

Leiðbeinendur: Dr. Arna

Hauksdóttir, dósent við Læknadeild, og dr. Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Nancy E. Reichman, prófessor við Rutgers University í New Jersey í Bandaríkjunum, og dr. Vilhjálmur Rafnsson, prófessor við Læknadeild.

Doktorsvörn Christophers fór fram 29. apríl.



Cindy Mari Imai

Næringarfræði / Matvæla- og næringarfræðideild

Heiti ritgerðar: *Áhrif fæðingarstærðar og vaxtar í bernsku á áhættuþætti og dánartíðni vegna hjarta- og æðasjúkdóma (Early growth and later health – Influence of birth size and childhood growth on cardiovascular*

disease risk factors and mortality).

Leiðbeinendur: Dr. Ingibjörg Gunnarsdóttir og dr. Þórhallur Ingi Halldórsson, prófessorar við Matvæla- og næringarfræðideild.

Andmælendur: Dr. Janet Rich-Edwards, dósent við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum, og dr. Pétur Benedikt Júlíusson, yfirlæknir við Háskólasjúkrahúsið í Bergen í Noregi.

Doktorsvörn Cindy fór fram 13. febrúar.



Elena V. Ukhatskaya

Lyfjafræði / Lyfjafræðideild

Heiti ritgerðar: *Katjónískar aminókalix[4]aren lyfjaferjur (Cationic amphiphilic quaternized aminocalix[4]arenes as novel potential drug delivery vehicles (vectors)).*

Leiðbeinandi: Dr. Þorsteinn Loftsson, prófessor við Lyfjafræðideild.

Andmælendur: Dr. Antonio Mazzaglia, vísindamaður við Háskólann í Messina á Ítalíu, og dr. Sveinbjörn Gizurarson, prófessor við Lyfjafræðideild.

Doktorsvörn Elenu fór fram 5. desember 2013.



Guðrún Pengilsdóttir

Lyfjafræði / Lyfjafræðideild

Heiti ritgerðar:

Meðferðarheldni við lyf sem eru notuð langvarandi eða lotubundið: Hlutverk kerfi- og sjúklingaþátta við upphaf og lok meðferðar (Adherence to chronic and episodic drug therapy: The role of system

and patient factors in treatment initiation and discontinuation).

Leiðbeinandi: Dr. Anna Birna Almarsdóttir, prófessor við Lyfjafræðideild.

Andmælendur: Dr. Maarit Jaana Korhonen, sérfræðingur við Háskólann í Turku í Finnlandi, og dr. Karl Andersen, prófessor við Læknadeild.

Doktorsvörn Guðrúnar fór fram 30. apríl.



Gyða Björnsdóttir

Lýðheilsuvísindi / Lyfjafraeðideild

Heiti ritgerðar: *Hamáhrif á spurningalistamælitæki: Jafngildi prófsálfræðilegra mælinga NEO-FFI-persónuleikamats og ARHQ-mats á einkennum lesröskunar í hefðbundinni pappírsvirðing og vefspurningalista (Mode*

Effects on Self-reported Survey Measures: Comparing Psychometric Measurement Equivalence of the NEO-FFI and ARHQ Administered in Paper and Web Mode).

Leiðbeinandi: Dr. Anna Birna Almarsdóttir, prófessor við Lyfjafraeðideild.

Andmælendur: Dr. Alicia W. Gilsean, rannsóknarstjóri við Research Triangle Institute í Norður-Karólínu í Bandaríkjunum, og dr. Daníel Þór Ólason, dósent við Sálfræðideild.

Doktorsvörn Gyðu fór fram 28. apríl.



Hanne Krage Carlsen

Lýðheilsuvísindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Heilbrigðisáhrif loftmengunar á Íslandi – öndunaræraheilsa í eldgosumhverfi (Health effects of air pollution in Iceland – Respiratory health in volcanic environments).*

Leiðbeinandi: Dr. Anna

Oudin, sérfræðingur við Háskólann í Lundi í Svíþjóð.

Umsjónarkennari: Dr. Þórarinn Gíslason, prófessor við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Francesca Dominici, prófessor við Harvard School of Public Health í Bandaríkjunum, og dr. Vilhjálmur Rafnsson, prófessor við Læknadeild.

Doktorsvörn Hanne fór fram 10. október.



Jóhann Páll Hreinsón

Læknavísindi / Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Blæðingar frá meltingarvegi: nýgengi, orsakir, tengsl lyfja og horfur (Gastrointestinal bleeding: Incidence, etiology, role of drugs and outcome).*

Leiðbeinandi: Dr. Einar Stefán Björnsson, prófessor við

Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Angel Lanás, prófessor við Háskólann í Zaragoza á Spáni, og Tryggvi Stefánsson, skurðlæknir á Landspítala.

Doktorsvörn Jóhanns fór fram 15. ágúst.



Jóhanna Bernharðsdóttir

Hjúkrunarfræði /

Hjúkrunarfræðideild

Heiti ritgerðar: *Þróun og mat á stuttri hugrænni atferlismeðferð í hópum til að draga úr sálrænni vanlíðan meðal íslenskra kvenstúdenta (Development and evaluation of a brief cognitive-behavioral*

group therapy program for reducing psychological distress in Icelandic female university students).

Leiðbeinendur: Dr. Rúnar Vilhjálmsson, prófessor við Hjúkrunarfræðideild, og dr. Jane Dimmit Champion, prófessor við University of Texas í Bandaríkjunum.

Andmælendur: Dr. Ann Peden, prófessor við Capital University í Columbus í Ohio í Bandaríkjunum, og dr. Eiríkur Örn Arnarson, prófessor við Læknadeild.

Doktorsvörn Jóhönnu fór fram 29. ágúst.



Magnea Guðrún Karlsdóttir

Matvælafræði / Matvæla- og næringarfræðideild

Heiti ritgerðar: *Oxunarferlar og stöðugleiki frosinna sjávarafurða (Oxidative mechanisms and stability of frozen fish products).*

Leiðbeinendur: Dr. Hörður G. Kristinsson, rannsóknastjóri

hjá Mátis, og Dr. Sigurjón Arason, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild.

Andmælendur: Dr. Santiago Aubourg, prófessor við Spanish Research Council (CSIC) á Spáni, og dr. Sigríður Jónsdóttir, fræðimaður við Raunvísindastofnun Háskólans.

Doktorsvörn Magneu fór fram 21. mars.



Ómar Ingi Jóhannesson

Sálfræði / Sálfræðideild

Heiti ritgerðar: *Miðlæg-hliðlæg ósamhverfa í skilvirkni augnstökka og áhrif líkindamöndls með lendingarstað á viðbragðstíma þeirra (Nasal-temporal asymmetries and landing point probability manipulations of saccadic eye*

movements).

Leiðbeinandi: Dr. Árni Kristjánsson, dósent við Sálfræðideild.

Andmælendur: Dr. Þór Eysteinnsson, prófessor við Læknadeild, og dr. Heiner Deubel, prófessor við Ludwig-Maximilians-Universität í Hollandi.

Doktorsvörn Ómars fór fram 26. september.



Óla Kallý Magnúsdóttir

Næringarfræði / Matvæla- og næringarfræðideild

Heiti ritgerðar: *Heilkorn – mikilvægur hluti af heilsusamlegu norrænu mataræði. Lífvísar fyrir neyslu heilkornahveitis og -rúgs (Whole grain – an important part of a healthy Nordic diet. Alkylresorcinols as*

biomarkers for whole grain wheat and rye intake).

Leiðbeinendur: Dr. Inga Þórsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild og forseti Heilbrigðisvísindasviðs, og dr. Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild.

Andmælendur: Dr. Ann-Sofie Sandberg, prófessor við Chalmers-tækniháskólann í Gautaborg í Svíþjóð, og dr. Ingibjörg Harðardóttir, prófessor við Læknadeild.

Doktorsvörn Ólu fór fram 24. október.



Sigríður Zoëga

Hjúkrunarfræði / Hjúkrunarfræðideild

Heiti ritgerðar: *Gæða verkjameðferð á sjúkrahúsi (Quality pain management in the hospital setting).*

Leiðbeinandi: Dr. Sigríður Gunnarsdóttir, dósent við Hjúkrunarfræðideild.

Umsjónarkennari: Dr. Herdís

Sveinsdóttir, prófessor við Hjúkrunarfræðideild.

Andmælendur: Dr. Gwen Sherwood, prófessor við Háskólann í Norður-Karólínu í Chapel Hill í Bandaríkjunum, og dr. Tómas Guðbjartsson, prófessor við Læknadeild.

Doktorsvörn Sigríðar fór fram 7. nóvember.



Sigrún Laufey Sigurðardóttir

Líf- og læknávisindi /
Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Er truflun í stjórnun ónæmissvara í kverkeiðum mikilvægur orsakabáttur psoriasis? (Does dysregulation of immune responses in the tonsils play an important role in the*

pathogenesis of psoriasis?).

Leiðbeinendur: Dr. Helgi Valdimarsson, prófessor emeritus við Læknadeild, og dr. Andrew Johnston, dósent við Háskólann í Michigan í Bandaríkjunum.

Andmælendur: Dr. Nicole L. Ward, dósent við Case Western Reserve háskólann í Cleveland í Ohio í Bandaríkjunum, og dr. Errol P. Prens, prófessor við Erasmus Medical Centre í Hollandi. Doktorsvörn Sigrúnar fór fram 29. september.



Stefanía P. Bjarnarson

Líf- og læknávisindi /
Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Myndun ónæmisminnis í nýburamúsum – Bólusetning með próteintengdri pneumókokkafjölsýkru og ónæmisglæðum eftir mismunandi bólusetningarleiðum (The*

generation of immunological memory in early mural life: pneumococcal conjugate vaccination with novel adjuvants by different immunization routes).

Leiðbeinandi: Dr. Ingileif Jónsdóttir, prófessor við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Mikael Karlsson, vísindamaður við Karolinska Institutet í Stokkhólmi í Svíþjóð, og dr. Þórólfur Guðnason, yfir-læknir sóttvarna hjá Landlæknisembættinu og klínískur dósent við Læknadeild.

Doktorsvörn Stefaníu fór fram 27. júní.



Svandís Erna Jónsdóttir

Næringarfræði / Matvæla- og næringarfræðideild.

Heiti ritgerðar: *Verklag í lýðheilsunæringarfræði – Heilsusamlegt norrænt mataræði (An exploration of public health nutrition practice – The healthy Nordic diet).*

Leiðbeinendur: Dr. Inga

Þórsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild og forseti Heilbrigðisvísindasviðs, og dr. Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild.

Andmælendur: Dr. Stefán Hrafn Jónsson, dósent við Félags- og mannvísindadeild, og dr. Lene Frost Andersen, prófessor við Háskólann í Ósló.

Doktorsvörn Svandísar fór fram 7. febrúar.



Sævar Ingþórsson

Líf- og læknávisindi /
Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Hlutverk EGFR-viðtakafjölskyldunnar í eðlilegum og illkynja brjóst-kirtli (Modeling the role of the EGFR receptor family in the normal and malignant breast gland).*

Leiðbeinandi: Dr. Magnús

Karl Magnússon, prófessor við Læknadeild.

Umsjónarkennari: Dr. Þórarinn Guðjónsson, prófessor við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Senthil Muthuswamy, dósent við Cold Spring Harbor Laboratory í New York í Bandaríkjunum, og dr. Þórunn Rafnar, verkefnisstjóri hjá Íslenskri erfðagreiningu.

Doktorsvörn Sævars fór fram 28. nóvember.



Teitur Jónsson

Tannlæknávisindi /
Tannlæknadeild

Heiti ritgerðar: *Þróun bits og rýmis í tannbogum. Breytingar frá unglingsárum til fullorðinsaldurs og langtímaáhrif tannréttinga (Development of occlusal traits and space conditions. Changes from adolescence to adulthood and*

long-term effect of orthodontic treatment).

Leiðbeinandi: Dr. Þórður Eydal Magnússon, prófessor emeritus við Tannlæknadeild.

Umsjónarkennari: Dr. Peter Holbrook, prófessor við Tannlæknadeild.

Andmælendur: Dr. Lars Bondemark, prófessor við Tannlæknadeild Háskólans í Malmö í Svíþjóð, og dr. Sheldon Peck, prófessor við Háskólann í Norður-Karólínu í Chapel Hill í Bandaríkjunum.

Doktorsvörn Teits fór fram 4. apríl.



Valgerður Tómasdóttir

Líf- og læknávisindi /
Læknadeild

Heiti ritgerðar: *Áhrif fiskolíu í fæði á byrjunar- og lausnarfasa vakamiðlaðrar bólgu (The effects of dietary fish oil on the induction and resolution of antigen-induced inflammation).*

Leiðbeinendur: Dr. Ingibjörg Harðardóttir og dr. Jóna Freysdóttir, prófessorar við Læknadeild.

Andmælendur: Dr. Jenifer I. Fenton, dósent við Háskólann í Michigan í Bandaríkjunum, og dr. Ingileif Jónsdóttir, prófessor við Læknadeild.

Doktorsvörn Valgerðar fór fram 26. september.



Varsha Ajaykumar Kale

Lyfjávísindi / Lyfjafraeðideild

Heiti ritgerðar: *Lífvirkar súlfateraðar fjölsykrur úr sæbjúganu Cucumaria frondosa og ensím sem umbreyta slíkum lífefnum (Bioactive sulfated polysaccharides from the sea cucumber Cucumaria frondosa and*

enzymes active on this class of biomolecules).

Leiðbeinendur: Dr. Guðmundur Óli Hreggviðsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild, og dr. Ólafur H. Friðjónsson, verkefnisstjóri hjá Matis.

Umsjónarkennari: Dr. Sesselja S. Ómarsdóttir, prófessor við Lyfjafraeðideild.

Andmælendur: Dr. Ágústa Guðmundsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild, og dr. Maher Abou Hachem, lektor við Danmarks Tekniske Universitet í Kaupmannahöfn í Danmörku.

Doktorsvörn Varsha fór fram 3. nóvember.



Vivek S. Gaware

Lyfjávísindi / Lyfjafraeðideild

Heiti ritgerðar: *Nýting Di-TBDMS-kitósans í efnasmíði örbera fyrir ljósörvaða lyfjapptöku (PCI) í krabbameinsmeðferð (Utilization of Di-TBDMS chitosan in the synthesis of chitosan carriers for photochemical internalization (PCI) in cancer*

therapy).

Leiðbeinandi: Dr. Már Mátsson, prófessor við Lyfjafraeðideild.

Andmælendur: Dr. Kim Lambertsen Larsen, dósent við Álaborgarháskóla í Danmörku, og dr. Guðmundur G. Haraldsson, prófessor við Raunvísindadeild.

Doktorsvörn Viveks fór fram 23. júní.



Zoltán Fülöp

Lyfjavisindi / Lyfjafræðideild

Heiti ritgerðar: *Sýklódestrín-nanóagnir sem lyfjaferjur (Self-assembly of cyclodextrins and cyclodextrin nanoparticles).*

Leiðbeinandi: Dr. Þorsteinn Loftsson, prófessor við Lyfjafræðideild.


Andmælendur:

Dr. Dominique Duchêne,

prófessor við Université de Paris Sud í Frakklandi, og dr. Sveinbjörn Gizurarson, prófessor við Lyfjafræðideild.


Doktorsvörn Zoltáns fór fram 27. nóvember.

Ríkisfang brautskráðra doktora frá Háskóla Íslands 2009–2014



■ Íslenskt ■ Erlent

Námsslengd brautskráðra doktora frá Háskóla Íslands 2009–2014



■ <5ár ■ 5–6 ár ■ >6 ár

Hugvísindasvið





Alda Björk Valdinarsdóttir

Almenn bókmenntafræði /
Íslensku- og menningarleidd
Heiti ritgerðar: „Ég hef lesið
margar Jönur“. Höfundarvirkni
Jane Austen í þremur kvenna-
greinum samtímans.

Leiðbeinandi: Dr. Dagný
Kristjánsdóttir, prófessor við
Íslensku- og menningarleidd.

Andmælendur: Dr. Gauti Sigbórrsson, dósent við Greenwich-
háskóla í London í Englandi, og dr. Ingibjörg Ágústsdóttir, lektor
við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda.

Doktorsvörn Öldu fór fram 24. október.



Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir

Guðfræði / Guðfræði- og
trúarbragðafræðideild
Heiti ritgerðar: *Andlegir,
trúarlegir og tilvistarlegir
þættir innan líknarmeðferðar.
Rannsókn byggð á eigind-
legum og megindegum
rannsóknaraðferðum.*

Leiðbeinandi: Dr. Einar Sigur-
björnsson, prófessor við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild.

Andmælendur: Dr. Steve Nolan, sjúkrahúsprestur við Princess
Alice Hospice í Bretlandi, og dr. Helgi Sigurðsson, prófessor við
Læknadeild.

Doktorsvörn Guðlaugar fór fram 27. júní.



Árný Aurangasri Hinriksson

Enska / Deild erlendra
tungumála, bókmennta og
málvísinda

Heiti ritgerðar: *Andófsraddir:
skáldsögur á ensku um félags-
og menningarlegar umbylt-
ingar í sjálfstæðu Sri Lanka
(Dissident voices: Sociocultural
transformations in Sri Lankan*

post-independence novels in English).

Leiðbeinandi: Dr. Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, prófessor við
Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda.

Andmælendur: Dr. Chelva Kanaganayakam, prófessor við
Háskólann í Toronto í Kanada, og dr. Hartmut Lutz, prófessor
emeritus við Háskólann í Greifswald í Þýskalandi.

Doktorsvörn Árnýjar fór fram 14. nóvember.



Hildur Gestsdóttir

Fornleifafræði / Sagnfræði- og
heimspekideild
Heiti ritgerðar: *Slitgigt á
Íslandi. Fornleifafræðileg
rannsókn (Osteoarthritis in
Iceland. An archaeological
study).*

Leiðbeinandi: Dr. Orri
Vésteinsson, prófessor við
Sagnfræði- og heimspekideild.

Andmælendur: Dr. Tony Waldron, prófessor við University
College í London í Englandi, og dr. Anna Kjellström, vísindamaður
við Stokkhólmsháskóla í Svíþjóð.

Doktorsvörn Hildar fór fram 3. september.



Hoda Thabet

Almenn bókmenntafræði /
Íslensku- og menningardeild

Heiti ritgerðar: *Konur á tíma-
mótum (Women in Transition).*

Leiðbeinandi: Dr. Gauti Krist-
mannsson, prófessor við Íslens-
sku- og menningardeild.

Andmælendur: Dr. Miriam
Cooke, prófessor við Duke
University í Bandaríkjunum, og

dr. Marilyn Booth, prófessor við Edinborgarháskóla í Skotlandi.

Doktorsvörn Hodu fór fram 16. apríl.



Skúli S. Ólafsson

Guðfræði / Guðfræði- og
trúarbragðafræðideild

Heiti ritgerðar: *Altarisganga
á Íslandi 1570–1720. Fyrir-
komulag og áhrif.*

Leiðbeinandi: Dr. Einar Sig-
urbjörnsson, prófessor við
Guðfræði- og trúarbragða-
fræðideild.

Andmælendur: Dr. Agnes S.

Arnórsdóttir, lektor við Árósháskóla í Danmörku, og dr. Sigurjón
Árni Eyjólfsson guðfræðingur.

Doktorsvörn Skúla fór fram 19. júní.



Oscar Aldred

Fornleifafræði / Sagnfræði- og
heimspekideild

Heiti ritgerðar: *Fornleifar á
hreyfingu. Aðferðafræðileg
rannsókn (An archaeology
of movement – A methodo-
logical study).*

Leiðbeinandi: Dr. Gavin
Lucas, prófessor við
Sagnfræði- og heimspekideild.

Andmælendur: Dr. Britt Solli, prófessor við Kulturhistorisk
museum við Háskólann í Ósló í Noregi, og dr. Mark Edmonds,
prófessor við University of York í Englandi.

Doktorsvörn Oscars fór fram 5. mars.



Sumarliði R. Ísleifsson

Sagnfræði / Sagnfræði- og
heimspekideild

Heiti ritgerðar: *Tvær eyjar á
jaðrinum. Ímyndir Íslands og
Grænlands frá miðöldum til
miðrar 19. aldar.*

Leiðbeinandi: Dr. Anna
Agnarsdóttir, prófessor við
Sagnfræði- og heimspekideild.

Andmælendur: Dr. Sverrir Jakobsson, prófessor við Sagnfræði-
og heimspekideild, og dr. Hrefna Róbertsdóttir, sagnfræðingur hjá
Þjóðskjalasafni Íslands.

Doktorsvörn Sumarliða fór fram 23. júní.



Þórunn Sigurðardóttir


Íslenskar bókmenntir /
Íslensku- og menningardeild

Heiti ritgerðar: *Heiður og
huggun. Erfiljóð, harmljóð og
huggunarkvæði á 17. öld.*

Dómnefnd skipuðu
